



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 4. maí 2020

USK2019010092

8.0

Borgarráð

Færanlegar stofur 2020.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út smíði og frágang á nýjum færanlegum kennslustofum 2020.

Kostnaðaráætlun 2 er 100 mkr.

Greinargerð:

Áætlað er að koma fyrir tveimur nýjum stofum við Laugarnesskóla og einni nýrri stofu við Langholtsskóla. Sjá meðfylgjandi minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Kostnaðarstaður: 1104

Kostnaðaráætlun 2: 100 mkr.

Áætluð hækkun á innri leigu SFS: 10,3 mkr. á ári.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmdas og viðhalds

Hjálagt:

Minnisblað skóla- og frístundasviðs, 30. apríl 2020.



Reykjavík, 30. apríl 2020

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Ámundi V. Brynjólfsson Skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds
Óli Jón Hertervig Skrifstofustjóri Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Sendandi: Helgi Grímsson Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Laugarnesskóli og Langholtsskóli – ósk um 3 færanlegar stofur 2020-2021

Þétting byggðar í kringum Laugarnesskóla er að gera það að verkum að það fjölgar mögulega um 38 börn á næsta skólaári með uppbyggingu og svo heldur fjölgun áfram næstu ár. Óskað er eftir 2 færanlegum stofum.

Í Langholtsskóla er það stóru árgangarnir sem eru að komast upp í unglingsdeild og setur kennsluhætti í uppnám. Óskað er eftir 1 færanlegri stofu.

Laugarnesskóli

Græna er spáin án uppbyggingar og gula er með uppbyggingu.

Nemendafjöldi skólaárið 2019-2020

1. október

2019

Skóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Alls 2019
Laugarnesskóli	106	94	69	100	103	86					558

Nemendafjöldi skólaárið 2020-2021

Skóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Alls 2020	hverfi*1,04+uppbygging
Laugarnesskóli	103	106	94	69	100	103					575	606

Langholtsskóli

Húsnæðismál Langholtsskóla – ósk um lausa kennslustofu fyrir unglिंगadeild fyrir skólaárið 2020-2021

Mjög þrengir að unglिंगadeild Langholtsskóla á næstu árum. Mikil fjölgun nemenda í deildinni hefur veruleg áhrif á nám og kennslu á stiginu – ekki síst þróunarverkefni okkar, *Smiðjan í skapandi skólasterfi*¹, sem fest hefur sig í sessi í skólanum á undanförunum árum.

Unglिंगadeild Langholtsskóla er nú í 5 lausum kennslustofum og fjórum stofum í B-álmu skólans (fyrir ofan skólasafnið). Þar af er ein kennslustofa samnýtt með félagsmiðstöðinni Þróttheimum. Lausu kennslustofurnar rúma að mestu smiðjuverkefni okkar. Oft er þó þröngt á þingi þegar 5-6 bekkjardeildir eru að vinna á þessu svæði á sama tíma.

Nauðsynlegt er að halda smiðjunni þar sem samgangur er auðveldur á milli stofa. Smiðjan yrði í uppnámi ef dreifa þyrfti nemendum um skólann - en næsta vetur verða 6-7 bekkir saman í smiðju á sama tíma. Því þarf að leysa húsnæðisvanda unglिंगadeildar til skemmri tíma og einnig á meðan á nýbyggingarframkvæmdum stendur. Bæta þarf við a.m.k. einni lausri stofu fyrir haustið 2020.

Fjöldi í unglिंगadeild 2019-2024		
	Fjöldi bekkja	Fjöldi nemenda
2019-20	8	175
2020-21	10	202
2021-22	11	222
2022-23	12	242
2023-24	12	242

Við óskum því hér með eftir að fá eina lausa kennslustofu til viðbótar við þær fimm sem eru við skólann við Holtaveg fyrir skólabyrjun í ágúst 2020. Leyfi er þegar fengið skv. teikningum frá haustinu 2019.